




Húsnæðismál

Húsnæðisverð hækkaði umtalsvert umfram laun í kjölfar á útbreiðslu covid-faraldursins. Umhverfi lágvaxta hefur búið til svikalogn, lækkað húsnæðiskostnað eigenda en á móti þrýsta upp eignaverði. Vaxtahækkarnir munu setja byrðar á heimilin en gera ungu fólki það erfitt að koma þaki yfir sig höfuðið. Dregið hefur verið úr stuðningi til húsnæðismála og beinn stuðningur ríkisins til heimila færður úr vaxtabótum yfir í skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar. Þessi breyting hefur gert það að verkum að stuðningur ríkisins hefur verið færður ungu fólki og tekjulágum til þeirra sem eldri eru og þeirra allra tekjuhæstu¹. SGS beinir því til ríkis að stuðningur við íbúðakaupendur og leigjendur sé markvissari og beint aftur að þeim sem á þurfa að halda. Að því marki leggur SGS áherslu á að að vaxta- og húsnæðisbætur séu hækkaðar og beint ákveðnar að tekjulægri, ekki upp tekjuskalann líkt og ríkisstuðningur í formi skattaftirgjafar færðist yfir á. Slík breyting myndi koma verkafólki á erfiðum húsnæðismarkaði til góðs og væri hyggilegri ráðstöfun opinberra sjóða.

Beinn stuðningur ríkisins til heimila með íbúðalán, 2020

Heildarútgjöld í hverri tekjutíund, mat á verðmæti skattafsláttarins



Heimild: Hagstofa Íslands, sérkeyrsla, útreikningar ASÍ

Hætta er á því að hækkun vaxta og húsnæðisverðs færist að fullum þunga í hærra leiguverð. Leigjendur eru illa varðir fyrir markaðssveiflum sem leiða til hækkunar leiguverðs. Uppbygging almenna íbúðakerfisins hefur verið stórt skref í átt að betri leigumarkaði. Stór meirihluti býr þó enn á ótryggum og óöruggum leigumarkaði.

¹ Sjá nánar, Mánaðaryfirlit ASÍ, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/markviss-husnaedisstudningur-vid-tha-tekjuhaestu/>

Álitaefni

- Hver er húsnæðisstefnan og með hvaða hætti á að styðja við fólk á leigumarkaði og til húsnæðisakaupa?
- Framboð húsnæðis hefur verið sveiflukennt og brugðist seint við markaðssveiflum.
- Hvernig getur húsnæðismarkaður mætt mannfjölgun og aukinni húsnæðiseftirspurn?
- Innan ASÍ hefur krafan um öruggt og ódýrt húsnæði verið skilgreind sem svo að verkafólki skuli ekki greiða umfram fjórðung ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað. Uppbygging almenna íbúðakerfisins styður við þá stefnu. Bjarg hefur miðað við að leiga fari ekki upp fyrir 25% af tekjum.
- Frekari uppbygging almenna íbúðakerfisins með auknum stofnfjárlögum, og greiðari framboði hentugra og tilbúinna lóða um landið, styddi við markmið um að tryggja verkafólki öruggt og fyrirsjáanleika í hóflegum húsnæðiskostnaði.